



Fréttatilkynning
frá skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETAHJÓNA TIL REYKJAVÍKUR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú fara í opinbera heimsókn til Reykjavíkur á morgun, fimmtudaginn 23. nóvember. Þau kynna sér starfsemi borgarinnar, þróun hennar og breytta samfélagsgerð. Í lok dags verður opinn viðburður á Kjarvalsstöðum þar sem borgarbúum og öðrum gestum er boðið að hitta forsetahjónin og njóta skemmtidagskrár fyrir alla fjölskylduna.

Þetta er fyrsta opinbera heimsókn forseta Íslands til Reykjavíkur frá árinu 1986 þegar Vigdís Finnbogadóttir heimsótti borgina á 200 ára afmæli hennar.

Heimsóknin hefst í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 8:00 þar sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Arna Dögg Einarsdóttir, eiginkona hans, taka á móti forsetahjónunum, ásamt Skólahljómasveit Vestur- og Miðbæjar. Þar heilsa forsetahjón upp á starfsfólk borgarinnar og einnig starfsfólk Grindavíkurbæjar sem hefur aðstöðu í Ráðhúsinu um þessar mundir. Forseti og forsetafrú fara að því loknu um borgina í fylgd borgarstjórahjóna og verður sjónum einkum beint að nýrri hverfum borgarinnar austan Elliðaáa.

Þau munu meðal annars heimsækja íslenskuver í Breiðholtsskóla, hitta börnin í fjölmenningarlega leikskólanum Ösp, funda með unglingum í Austurbergi og með sendiherrum ólíkra málhópa í Gerðubergi. Einnig heimsækja þau Smiðjuna, sem er virknimiðstöð fyrir fatlað fólk í Grafarvogi, og líta inn á fimleikaæfingu eldri borgara í Árbæ. Þá verður hverfismiðstöðin í Úlfarsárdal skoðuð en þar tengjast skóli, bókasafn, íþróttahús og nýjasta sundlaug borgarinnar í einum kjarna.

Forsetahjónin munu kynna sér starfsemi nýja kvikmyndarþorpsins í Gufunesi og heimsækja Elliðaárdal þar sem starfsemi Orkuveitunnar hefur öðlast nýtt líf á sögulegum stað. Klukkan 17:00 síðdegis hefst samkoman á Kjarvalsstöðum sem öllum borgarbúum er boðið til. Heimsókn forsetahjóna til Reykjavíkur lýkur svo með hátíðarkvöldverði í Höfða í boði borgarstjóra.

22. nóvember 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).